

L Ö G

um lögreglustjóra í Keflavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og sýslumannsins í Gullbringusýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.